

Sumar 2007



ORLOFSBLAÐ EFLINGAR-STÉTTARFÉLAGS




Bls. 20



Orlofsávisun

Bls. 31



Í austurveg

Bls. 6



Sumarhús 2007

**Geymið
blaðið!**



Efling – fyrir líkama og sál

Ágætu Eflingarfélagar

Orlofsblað Eflingar stéttarfélags sem nú berst ykkur í hendur er að mestu með hefðbundnu sniði. Að meginhluta fjallar það um þá orlofsmöguleika sem félagsmönnum stendur til boða á árinu 2007 auk þess að kynna aðra fjölbreytta starfsemi orlofssjóðs sem í boði er.

Ber þar hæst hinar geysivinsælu sumarferðir félagsins innanlands og erlendis. Óhætt er að fullyrða að um óvenju spennandi ferðir er að ræða í ár og eflaust verður mikil eftirspurn í þær. Erlendis verður farið í austurveg, það er ferð í kring um Finnsla flóa. Farið er frá Helsinki í Finnlandi til St. Pétursborgar í Rússlandi og þaðan til Tallin í Eistlandi. Ferðalagið endar svo aftur í Helsinki þaðan sem flogið verður heim. Um tvær slíkar ferðir er að ræða og verður væntanlega fast sótt í sætin í þeim. Innanlands eru einnig skemmtilegir kostir í boði og þeir hafa ekki síður notið vinsælda en ferðir erlendis.

Um tvær ferðir er að ræða, 3 til 4 daga langar. Önnur er um Strandir en sú ferð sló einmitt í gegn í fyrrasumar og þess vegna endurtekin í ár. Þá verður farið um Vatnsnes og Skaga og meðal annars skoðaðar heimaslóðir Grettis Ásmundarsonar. Þar að auki er dagsferð í haust en jafnan er mikið fjölmenni sem tekur þátt í henni.

Ferðir þessar eru kynntar ýtarlega

hér í blaðinu, dagsætningar, verð og fyrirkomulag. Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér þær vel og ef áhugi er til þátttöku er vissara að mæta á skrifstofuna strax við opnun þegar skráning hefst.

Sjá nánari upplýsingar í orlofsblaðinu.

Eins og áður er þó megináherslan í blaðinu á að kynna orlofshús okkar innanlands og veita sem bestar upplýsingar um þau. Vekja má athygli á því að nú hafa best við glæsilegir og spennandi kostir til úthlutunar. Er þar um að ræða nýtt hús í Svignaskarði auk íbúðarhússins sem hefur verið í endurbyggingu síðustu ár. Það hefur nú verið tekið í notkun eftir miklar endurbætur og er allt hið glæsilegasta.

Enn er bætt við erlendis, en leiguíbúðir þær sem við höfum boðið upp á í Kaupmannahöfn hafa notið meiri vinsælda en allir aðrir kostir sem hafa verið í boði áður. Má segja að hver dagur þar sé nýttur bæði sumar og vetur. Nýtingin utan hefðbundins sumarorlofstíma er allt önnur en sést í húsunum innanlands. Svo mikill var áhuginn og eftirspurnin að ákveðið var að bæta við íbúð þar s.l. haust og eru þær nú þrjár. Ánægjulegt er hve heppnin hefur verið með okkur bæði


hvað varðar gæði og aðbúnað íbúðanna og ekki síður staðsetningu sem er með besta móti með tilliti til fjarlægðar frá miðborginni.

Þó aðeins sé marsbyrjun þegar félagsmenn fá þetta blað í hendur nálgast vor og sumar óðfluga og ekki seinna vænna að huga að orlofinu, nú er tíminn til að leggjast yfir möguleikana sem í boði eru og sækja um í framhaldinu.

Starfsfólk orlofssviðs og orlofsnefnd Eflingar hafa frá því í haust unnið hörðum höndum að því að undirbúa húsin og íbúðirnar fyrir sumarleiguna. Fjölmörg hús hafa fengið “andlitslyftingu” eins og sagt er en sífellt þarf að huga að endurnýjun og viðhaldi því eignir þessar eru margar komnar til ára sinna.

Er það von orlofsnefndar að sem flestir félagsmenn hafi kost á að nýta sér einhverja hinna fjölmörgu möguleika sem í boði eru og megi eiga ánægjulegt orlof með fjölskyldum sínum í sumar hvort heldur er innanlands eða utan.

Við viljum minna á að allar upplýsingar varðandi hús, ferðir og annað sem máli skiptir koma fram í þessu blaði og því mikilvægt að geyma það og hafa við höndina!





Veldu þann sem þér þykir bestur!

- 1 ÁN BRAGÐEFNA
- 2 ÁN GELATÍN*
- 3 ÁN ROTVARNAREFNA



Skarð - Svignaskarði

Leigutími: Allt árið

20 km norðan við Borgarnes á hægri hönd



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	160
svfnherbergi	5	svfnloft	nei
auka dýnur	2	svfnpláss	12
sængur	12	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útlarp	já	sjónvarp	já
þvottavél/þurrkari	já	heitur pottur	já
uppvottavél	já	verð	25.000


Komutími: föstudaga kl. 16.00-22.00,
lyklar í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs.
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Upplýsingar, ýmis kort og fleira
er hægt að fá í Þjónustumiðstöð
Svignaskarðs.
Einnig fást þar veiðileyfi í Langavatn

Svignaskarð - stór hús

Leigutími: Allt árið

20 km norðan við Borgarnes



Fjöldi húsa	6	stærð í fm	57
svfnherbergi	3	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útlarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	17.000

Komutími: föstudaga kl. 16.00-22.00,
lyklar í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs.
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Upplýsingar, ýmis kort og fleira
er hægt að fá í Þjónustumiðstöð
Svignaskarðs.
Einnig fást þar veiðileyfi í Langavatn

Ekta íslenskt...



ÓJ&K
Ó. Johnson & Kaaber ehf

Vekur upp góðar minningar

Hver þekkir ekki ilminn af nýbökuðum Vilko
vöflum með gómsætri Mömmusulta og
rjúkandi heitu Rúbín kaffi? Með fjölskyldu
og vinum í kaffinu á sunnudögum eða uppi
í sumarbústað, þá jafnast ekkert á við
gómsætar vöflur og ljúffengt kaffi.



Vilko vöflur, Mömmusulta og Rúbín kaffi, svo ekta íslenskt.

Svignaskarð - minni hús

Leigutími: Allt árið

20 km norðan við Borgarnes



Fjöldi húsa	6
svfnherbergi	2
auka dýnur	nei
sængur	5
barnastóll	já
bakaraofn	já
útvarp	já
heitur pottur	já

stærð í fm	45
svfnloft	nei
svfnpláss	5
barnarúm	já
örbylgjuofn	já
gasgrill	já
sjónvarp	já
verð	15.000


Komutími: föstudaga kl. 16.00-22.00,
lyklar í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs.
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Upplýsingar, ýmis kort og fleira
er hægt að fá í Þjónustumiðstöð
Svignaskarðs.
Einnig fást þar veiðileyfi í Langavatn

Svignaskarð 17 - stærra hús

Leigutími: Allt árið

20 km norðan við Borgarnes



Fjöldi húsa	1
svfnherbergi	3
auka dýnur	nei
sængur	8
barnastóll	já
bakaraofn	já
útvarp	já
heitur pottur	já
upphvottavél	já

stærð í fm	80
svfnloft	nei
svfnpláss	8
barnarúm	já
örbylgjuofn	já
gasgrill	já
sjónvarp	já
verð	20.000

Komutími: föstudaga kl. 16.00-22.00,
lyklar í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs.
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Upplýsingar, ýmis kort og fleira
er hægt að fá í Þjónustumiðstöð
Svignaskarðs.
Einnig fást þar veiðileyfi í Langavatn

Hvammur í Skorradal

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	160
svefnherbergi	6	svefnloft	nei
auka dýnur	4	svefnpláss	13
sængur	10	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	25.000

Komutími: föstudaga eftir kl. 16. Lyklar eru afhentir á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1 kl. 8.30 - 15.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Næsta sundlaug er Hreppslaug, um 7 km. Veðið fylgir í Skorradalssvatni.

Húsafell

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	50
svefnherbergi	2	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	6
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	17.000

Komutími: föstudaga kl. 16.00, lyklar eru afhentir á skrifstofu Eflingar, Sætúni 1, á auglýstum opnunartíma. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Sundlaug, golfvöllur og verslun er á staðnum. Skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu.

Í Stórarjóri 7 og 17 er uppvottavél. Í Kiðárbotnum er ekki uppvottavél.

Flókalundur í Vatnsfirði

Leigutími: Sumarleiga



Fjöldi húsa	2	stærð í fm	50
svefnherbergi	2	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	6
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	kolagrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
sundlaug	já	verð	15.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni á staðnum milli kl. 14.00 - 22.00. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Næsta verslun er á Patreksfirði ca. 60 km. Esso verslun er hjá hótelineu með helstu nauðsynjavörum. Sundlaug er á staðnum.

Íbúðir á Akureyri

Leigutími: Allt árið



Fjöldi íbúða	6	stærð í fm	50-75
svefnherbergi	2	svefnloft	nei
auka dýnur	3	svefnpláss	5-7
sængur	5-7	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	17.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir hjá Securitas, Tryggvabraut 10 eftir kl. 16.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Fjöldi verslana og annarrar þjónustu auk sundlaugar í göngufæri.

Illugastaðir - Fnjóskadal

Leigutími: Allt árið

Vetrarleiga: bein leiga hjá umsýgnarmanni s: 462 6199

50 km austan við Akureyri



Fjöldi húsa	2	stærð í fm	50
svfnherbergi	2	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	17.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð frá kl. 17.00 - 21.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 15.00 föstudag.

Sundlaug og verslun er á staðnum.

Öxarfjörður - Dranghólaskógur

Leigutími: Sumarleiga



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	46
svfnherbergi	3	svfnloft	nei
auka dýnur	2	svfnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
sundlaug	já	verð	15.000

Komutími: föstudaga, lyklar afhentir í versluninni Ásbyrgi frá kl. 16.00 til 22.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Ferðaþjónusta og sundlaug í Lunda-skóla í nágrenninu. U.þ.b. 10 km í Ásbyrgi, 35 km til Kópaskers og 65 km til Húsavíkur.

Einarsstaðir

11 km frá Egilsstöðum



Leigutími: Sumarleiga

Vetrarleiga: Afl Starfsgreinafélag Austurlands



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	50
svefnherbergi	3	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	15.000

Komutími: föstudaga, lyklar afhentir frá kl. 16.00-19.00 í húsi númer 32. Þeir sem koma á öðrum tíma hafi samband við umsjónarmann í síma 861-8310.
Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Einarsstaðir á Völlum eru í miðju Fljótsdalshéraði u.þ.b. 11 km frá Egilsstöðum. Sundlaug og verslun er á Egilsstöðum.

Kirkjubæjarklaustur

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	67 og 55
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	15.000
Svefnpláss	8		

Komutími: föstudaga eftir kl. 16 (lyklanúmer er á samningi fyrir lyklahús)
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Verslun og sundlaug eru á Klaustri.

Lynghóll: 2 herbergi + svefnloft. Hraun og Hæðargarðsvatn: 3 herbergi

Flúðir Ásabyggð

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	56
svefnherbergi	2	svefnloft	já
auka dýnur	4	svefnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	17.000

Komutími: föstudaga eftir kl. 16. Upplýsingar um lykla eru á skrifstofu Eflingar, Sætúni 1. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Verslun og sundlaug á Flúðum.

Úthlíð

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	60
svefnherbergi	2	svefnloft	já
auka dýnur	4	svefnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	17.000

Komutími: föstudaga eftir kl. 16, lyklar afhentir og skilað á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1 milli kl. 8.30 - 15.00. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Sundlaug, golfvöllur og verslun með nauðsynjavörum á staðnum.

Ölfusborgir

Leigutími: Sumarleiga

Vetrarleiga í þjónustumiðstöð s: 483-4260



Fjöldi húsa	9	stærð í fm	47
svfnherbergi	3	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	6
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	17.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð frá kl. 15.00 - 20.30.
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Verslanir og öll þjónusta er í Hveragerði. Einnig sundlaug og golfvöllur.

Tjaldvagnar

Leigutími: Sumarleiga



Fjórir tjaldvagnar verða til leigu í sumar. Í hverjum tjaldvagni er ágæt aðstaða fyrir fjóra. Leigutaki fær vagninn afhentan á fimmtudegi og skilar honum aftur á miðvikudegi. Leigutími eru 6 nætur, 7 dagar. Verð kr. 12.000.

Vögnunum fylgir hitunartæki, eldunartæki, dýnur, borð og stólar fyrir fjóra.

Til þess að fá tjaldvagn leigðan verða menn að hafa bíl með tengibúnaði sem viðurkenndur er af opinberum skoðunarstöðvum.

Tjaldvagnarnir eru leigðir á nafn og bílnúmer og því ekki hægt að lána þá öðrum.

Bannað er að fara með vagnana út fyrir alfaraleið.

Athugið að

Umsjón með vögnunum hefur Fasteignaleigan Smiðjuvegi 6 Kópavogi, sími 517-2222

- Vagnarnir eru afhentir þar á fimmtudögum frá kl. 10.00 til 16.00.
- Skila ber þeim þangað á miðvikudögum á sama tíma.
- Leigutaki ber fulla ábyrgð á vögnunum á leigutímanum.
- Leigutaki sér sjálfur um að fylla á gaskút, komið við á sölustöðum og látið kanna kútana.
- Kynnið ykkur vel meðferð og tengingar á gastækjunum, aldrei er of varlega farið.


Búnaður vagnanna:

- Sveftjöld inni
- Rennd gluggatjöld
- Varadekk

Stærð og þyngd:

- Lengd: 380 cm
- Breidd: 170 cm
- Þyngd: 280 kg

'07 | 70ÁR Á FLUGI



NÝI BÆKLINGURINN ER KOMINN ÚT

FLORIDA

SÓLSKINSRÍKIÐ

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ

FLUG OG GISTING Í 8 NÆTUR FRÁ 68.900* KR.

Sólarstrendur og bandarískur lúxus, fjör, endurnæring, hvíld og fjölskylduskemmtun, stanslaust stuð, glæsilegir golfvellar og einstakar náttúruperlur.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is



Safnaðu
Vildarpunktum



Ferðaávisun gildir



WWW.ICELANDAIR.IS

*Á mann í herb. m.v. 2 fullorðna á Best Western *** í Orlando 4.-12. maí og 18.-26. sept.
Innihaldið: Flug báðar leiðir, flugvallarskattar og gisting í 8 nætur.

Kaupmannahöfn - 3 leiguíbúðir

Leigutími: Allt árið



Hans Hedtoftsgade 5, 4. hæð til hægri. Með lyftu



Ravnsborggade 14, 1. hæð til vinstri. Ekki lyfta



Johan Semp's Gade 7, 1. hæð til vinstri. Með lyftu


Íbúðirnar eru vel búnar, tvö rúmgóð svefnherbergi auk svefnsofa í stofu og 2 aukadýnur nema í Hans Hedtoftsgade. Íbúðirnar eru í fjölbýlishúsum. Baðherbergi með sturtu, þvottavél og þurrkari í öllum íbúðum og uppbvottavél í eldhúsi. Í íbúðunum er lín og handklæði fyrir allt að 6 manns. Gestir skilja við íbúðina eins og þeir taka við henni, allir hlutir frágengnir á sínum stað og þrifið.

svefnherbergi	2
auka rúm	já
sængur	6
barnastóll	já
bakaraofn	já
sjónvarp	já
þvottavél	já

þurrkari	já
svefnpláss	6-8
barnarúm	já
örbylgjuofn	já
útvarp	já
uppbvottavél	já
verð	40.000

Umsjónarmaður á vegum Leigumiðlunarinnar fer yfir íbúðina eftir hverja gesti.

Komutími: föstudaga kl. 14.00
Lyklar á skrifstofu Eflingar
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.



Úthlutanir úr orlofssjóði

Punktafrádráttur samræmdur

Vakin er athygli á því að nú hefur öll þjónusta orlofssjóðs verið samræmd með þeim hætti að dregnir eru frá punktar af punktaineign félagsmanns vegna allra úthlutana úr sjóðnum. Er

þetta gert til að mismuna ekki þeim sem fá úthlutað orlofshúsi og hinum sem t.d. fara í utanlands- eða innanlandsferðir svo dæmi sé tekið.

Að neðan má sjá hvert frádragið er

fyrir hverja úthlutun.

Reynt er að hafa frádragið í nokkuð réttu hlutfalli við það hvað hvert verðmæti er fólgið í viðkomandi úthlutun úr sjóðnum.

	1/6 - 15/6	15/6 - 17/8	17/8 - 31/8
Minni hús Svignaskarði og pottlaus hús	48 punktar	72 punktar	48 punktar
Hvammur, Skarð og önnur hús með pottum	60 punktar	84 punktar	60 punktar
Akureyri og Kaupmannahöfn	60 punktar	84 punktar	60 punktar
Tjaldvagnar	36 punktar	36 punktar	36 punktar
Utanlandsferð	48 punktar		
Innanlandsferð	24 punktar		
Orlofsávísanir	12 punktar		

Hvernig fer úthlutun orlofshúsa fram!

Punktakerfi og úthlutanir

Tölvukerfið úthlutar þannig að öllum umsóknum er raðað eftir punktaröð, þ.e. þeir umsækjendur sem hafa flesta punkta eru efst í röðinni og svo koll af kolli.

Lífaldur ræður ef punktar tveggja eru jafnir þ.e. sá sem er eldri fær fyrst úthlutað. Kerfið les sig síðan í gegn um allar umsóknirnar og skoðar hvert val fyrir sig. Þeir sem ekki fengu úthlutað í fyrstu umferð fara sjálfkrafa beint á biðlista ásamt þeim umsækjendum sem hafa fengið úthlutað s.l. 2 ár páska/sumar.

Eftir fyrri staðfestingarfrest verður úthlutað aftur skv. sömu reglu á þær umsóknir sem eru á biðlista.

Svona safnast punktar

Punktar safnast þannig að fyrir tekjur sem nema allt að 40.000,- kr. á mánuði fæst 1 punktur, en 2 punktar á mánuði fyrir tekjur umfram þá upphæð. Hámarkssöfnun er 12 ár eða 288 punktar. Þegar 12 árum er náð fellur elsta árið aftan af og það nýja bætist við.

Félagsmenn á eftirlaunum og öryrkjar eiga sama rétt á að sækja um hús og aðrir félagsmenn.



Innandyra á Hans Hedtoftsgade í Kaupmannahöfn

Fyrstur kemur fyrstur fær !

Ef engin umsókn er um tiltekna viku eftir fyrri og seinni úthlutun, verður úthlutað skv. sérstakri auglýsingu óháð punktakerfi, þ.e. "Fyrstur kemur, fyrstur

fær". Mikil örtröð er þá jafnan og nauðsynlegt að mæta tímanlega.

Í ár geta félagsmenn komið á skrifstofuna föstudaginn 18. maí og bókað þær vikur sem lausar eru.



Upplifðu dulúð og dramatík! Opinn skógur í Svignaskarði

Skógur fyrir fólkið!

Vert er að vekja athygli fólks sem leið á um Borgarfjörðinn á mikilli perlu alveg við Þjóðveg númer 1 og flestir keyra framhjá án þess að taka eftir. Raunar er perla sú í landi Svignaskarðs og þar að auki alveg ofan í orlofsbyggðinni þar.

Um er að ræða svæði Skógræktarfélags Borgarfjarðar, Daníelslund, sem er um 25 hektara spilda úr landi Svignaskarðs

sem Skógræktin hefur til umráða með samningi við Eflingu stéttarfélag.

Þar hefur verið byggður upp svokallaður "Opinn skógur" sem þýðir að allt aðgengi og umhverfi er eins og best verður á kosið og göngustígar og aðstaða til útivistar til fyrirmyndar.

Mjög góðar gönguleiðir eru um skóginn og vel merktar og er lundurinn tilvalinn áningarstaður til að slaka á um stund og fara í lengri eða skemmri göngu-

ferðir um skógarstíga í ró og næði.

Í skjólgóðum og fjölbreyttum skógi getur fólk leitað afþreyingar með ýmsum hætti allan ársins hring og fræðst um hinn fjölbreytta trjágróður sem verður á vegi manns á stígunum.

Sérlega er skemmtilegt að fara þarna um með börnin og fræða þau um gróðurinn og upplifa þá dulúð og dramatík sem fylgir skógarferðum!



Gönguleiðakort af skóginum sem hægt er að nálgast í þjónustumiðstöðinni í Svignaskarði

Mikilvægar tímasetningar

Þetta þarf að athuga vel ef þú ætlar að sækja um sumarhús/íbúð



Foss í Gljúfurá í Borgarfirði neðan þjóðvegur

Umsóknir fyrir sumar 2007

Tekið er við umsóknum vegna orlofsdvalar í húsum/íbúðum Eflingar stéttarfélags **til og með 30. mars nk.** Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar fyrir.

Úthlutun

Fyrsta úthlutun mun liggja fyrir **11. apríl**. Staðfestingarbréf verða send út til þeirra sem fengu úthlutað í fyrstu umferð. Staðfesta þarf og greiða eigi síðar en til og með **2. maí**. Annars er lítið svo á að viðkomandi ætli ekki að taka bústaðinn. Önnur úthlutun liggur fyrir **7. maí** og þá fá allir bréf hvort sem þeir fengu úthlutað eða synjun. Greiðslufrestur hjá þeim er til og með **14. maí**.

Enginn biðlisti

Eftir að aðalúthlutun hefur farið fram og greiðslufrestur er liðinn þá liggur frammi á skrifstofu Eflingar stéttarfélags listi yfir allar lausar vikur sumarið 2007. Félagsmenn geta komið á skrifstofuna **föstudaginn 18. maí** og bókað þær vikur sem eru lausar. Hægt verður að fylgjast með á heimasíðu Eflingar www.efling.is hvort eitthvað losni í sumar en uppfært er vikulega. Greiðslufrestur er 3 dagar frá bókun orlofshúss. Punktur eru dregnir frá að fullu yfir orlofstímabilið þó viðkomandi bóki orlofshús með stuttum fyrirvara.

Mikilvægar tímasetningar 2007 !!!

2. Mar	Páskar 2007	Síðasti dagur umsókna
7. Mar	Páskar 2007	Úthlutun
8. Mar	Sumarferð erlendis í Austurveg	INNRIÐUN
12. Mar	Sumarferð innanlands Vatnsnes og Skagi	INNRIÐUN
12. Mar	Sumarferð innanlands Strandir	INNRIÐUN
15. Mar	Páskar 2007	Síðasti greiðsludagur
30. Mar	Sumar 2007	Síðasti dagur umsókna
3. Apr	Vatnsnes og Skagi	Síðasti greiðsludagur
3. Apr	Strandir	Síðasti greiðsludagur
11. Apr	Sumar 2007	Úthlutun
2. Maí	Sumar 2007	Síðasti greiðsludagur
7. Maí	Sumar 2007	Önnur úthlutun
14. Maí	Sumar 2007	Síðasti greiðsludagur 2. úthlutunar
18. Maí	Fyrstur kemur - fyrstur fær	
4. Jún	Kaupmannahöfn - skráning hefst fyrir haustið 2007	

Vakin er athygli á því að í öllum skráningum sem fram fara á skrifstofu ganga þeir fyrir sem fyrstir mæta þegar skrifstofan opnar kl. 8.15 og fá afhent númer.



Innandýra á Einarssstöðum er líflegt og litskrúðugt

Þegar þú ferð í orlofshús.....

Minnisblaðið þitt...

Komutími - brottför

Leigutaka ber að vitja lykla á auglýstum tíma! Ef þið tefjist er alveg nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja lyklaafhendingu!

Viðkomandi símanúmer koma fram á leigusamningi.

Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann þrifa vel eftir sig þ.m.t. ísskáp, eldavél, bakaraofn og örbylgjuofn, skápa, salerni og grill og skúra gólf. Einnig þrifa heita potta ef þeir eru. Stilla skal ofna á 1 - 2, loka gluggum og hurðum vandlega, skila lykli á sinn stað og taka rafmagnstæki úr sambandi. Komið ábendingum og athugasemdum til umsjónarmanna eða á skrifstofu Eflingar.

Húsbúnaður

Orlofshús og íbúðir Eflingar eru með svipuðum búnaði, ætluð fyrir 5 til 10 manns eftir stærð. Öll eldhúshöld eru til staðar, ísskápur, eldavél og örbylgjuofn. Sængur og koddar, barnastóll og barnarúm, sturta, svo og sjónvarp, útvarp og kola- eða gasgrill.

Orlofshúsin eru sameign okkar, göngum um þau af alúð og sóma. Ef einhverju er ábótavant varðandi umgengni eða viðskilnað fyrri gesta vinsamlega látið þá umsjónarmann eða skrifstofu félagsins vita áður en nokkuð er aðhafst. Ef vanhöld eru varðandi þrif getur komið til þess að húsið verði þrifið á kostnað síðasta leigutaka.

Leigutaki þarf að hafa með sér handsápu, handklæði, diskapurrkur, borðtuskur og salernispappír. Einnig lín utan um sængur og koddar.

Öllum húsum Eflingar fylgja efni til þrifa, uppþvottalögur og burstar, gólfþvottar og wc hreinsir. Gólfþvottar og moppur eru til staðar svo og kústar og ryksuga.

Bannað!

Leigutakar nýti sjálfir ásamt fjölskyldum og/eða vinum hús sem þeir fá úthlutað. Framsal til annarra getur valdið því að viðkomandi félagsmaður verði útilokaður frá úthlutun framvegis. Það á einnig við ef leigutakar brjóta almennar reglur og skyldur sem þeir takast á hendur við leigu orlofshúsa.

Allt dýrahald er alfarið bannað í orlofshúsum Eflingar. Upp hafa komið alvarleg ofnæmistilfelli í kjölfar dýrahalds í húsunum. Brot á þessu varðar tafarlausrí brottvísun úr húsinu.

Hafið samband

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmenn á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Eflingarstéttarfélags í síma 510-7500 (Ólöf eða Sveinn).



Orlofsávísanir

Létta þér ferðakostnaðinn

Á þessu ári verða gefnar út 800 orlofsávísanir að upphæð 6.000,- kr. hver. Ath. þetta er takmarkað magn og mun fleiri þjónustuaðilar taka þær sem greiðslu.

Helstu reglur sem gilda um ávísanirnar eru eftirfarandi:


- Sækja verður um ávísanirnar á skrifstofu félagsins eða í síma.
- Skilyrði fyrir því að fá ávísun er að hafa greitt samfellt félagsgjöld til félagsins s.l. 12 mánuði og eiga að lágmarki 48 punkta í orlofskerfi félagsins.
- Uppfylli umsækjandi þær kröfur fær hann úthlutað og senda ávísun meðan þær eru til.
- Réttthafinn einn, þ.e. félagsmaðurinn, getur notað ávísunina sem greiðslu vegna ferðar í sínu nafni og þarf hann að framselja hana gagnvart þjónustuaðila.
- Ekki er hægt að fá úthlutað orlofshúsi, utanlandsferð og ávísun á sama árinu, aðeins ein úthlutun á mann!
- Ávísanir gilda ekki sem greiðsla fyrir sumarhús eða í ferðir á vegum félagsins.

- Þessi kostur er kjörinn fyrir þá sem ekki hafa átt þess kost að dvelja í orlofshúsunum en vilja nýta réttindi sín í orlofssjóðnum með öðrum hætti.
- Hægt er að fá ávísun á hverju ári ef nægir punktar eru til og félagsmaðurinn er í greiðslu.
- Ekki er hægt að skila ávísun.

Sjá nánari upplýsingar á bls 22 um hvar og hvernig má nýta orlofsávísunina.

Birgjum okkur upp í Bónus!

EKKERT
BRUÐL



BÓNUS VERSLANIR

UM LANDIÐ:

- HVERAGERÐI: Sunnumörk
- SELFOSS: Austurvegur
- AKRANES: Opnuð í maí 2007
- BORGARNES: Digranesgata
- STYKKISHÓLMUR: Borgarbraut
- ÍSAFJÖRÐUR: Ljónið, Skeiði
- AKUREYRI: Langholt
- EGILSSTAÐIR: Miðvangur
- REYKJANESBÆR: Fitjar

Bónus býður betur

Sama verð um allt land

Tilboðin eru á bonus.is

Fyrirtæki sem taka orlofsávísunina

Margir kostir!



Í upphafi nýja ársins er ekki úr vegi að fara að huga að ferðalögum og frítíma og margir þegar farnir að skoða möguleika á ferðalögum bæði innanlands sem utan.

Ferðabæklingar og tilboð um sól og sælu streyma til fólks jafnvel fyrir áramót og ekki seinna vænna að festa sér ferð í tíma. Þá kemur að því að nýta sér orlofsávísunina sem svo margir hafa gert síðustu ár.

Nú þegar liggur það fyrir að flestir ferðabjónustuaðilar innanlands munu verða í samstarfi við Eflingu stéttarfélag um orlofsávísanir á þessu ári.

Ávísunin gildir sem greiðsla fyrir flesta þá þjónustu sem þeir aðilar veita. Um undantekningar og sérskilmála getur þó verið að ræða í einhverjum tilvikum. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér vel þá skilmála sem gilda um notkun ávísunarinnar hjá einstökum aðilum.

Eftirtaldir aðilar hafa gert samning við Eflingu um að taka við orlofsávísunum

sem greiðslu upp í þá þjónustu sem keypt er af þeim á árinu 2007:

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónssonar tekur á móti orlofsávísunum sem greiðslu í hópferðir árið 2007. Farið er víða um Evrópu. Nánari upplýsingar á heimasíðunni www.gjtravel.is og í síma 511 1515.

Sumarferðir taka á móti orlofsávísunum Eflingar sem greiðslu í pakkaferðir ferðaskrifstofunnar. Orlofsávísanir verður hægt að nota í allar ferðir á vegum Sumarferða á árinu 2007. Nánari upplýsingar á vefnum, www.sumarferdir.is og í síma 575 1515.

Útivist tekur á móti orlofsávísunum sem greiðslu í ferðir félagsins sem kosta yfir 12.000 kr. árið 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma 562 1000 og www.utivist.is

Ferðaskrifstofan Terra Nova tekur við orlofsávísun í allar auglýstar pakkaferðir með leiguflugi árið 2007. Um er að ræða ferðir m.a. til Portúgal, Barcelona og Salou á Spáni, Kýpur, Flórída, sumarhús í Hollandi auk fjölda annarra áfangastaða. Nánari upplýsingar í síma 591 9000 og á www.terranova.is

Ferðaskrifstofan Plúsferðir tekur við orlofsávísun í allar sólarlandaferðir með leiguflugi árið 2007. Áfangastaðir eru m.a. Benidorm, Mallorca, Krít og Tyrkland. Einnig leiguflugsferðir til Billund í Danmörku. Leitið nánari upplýsinga í síma 539 2100 og á www.plusferdir.is

Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn tekur á móti orlofsávísunum sem greiðslu í allar sólarlandaferðir með leiguflugi árið 2007. Úrval Útsýn býður ferðir til Kanaríeyja fram yfir páska og aftur næsta haust. Páskaferðir, vorferðir og ferðir fyrir eldri borgara bjóðast til Portúgal, Mallorca, Krítar, Benidorm og Costa

del Sol. Nánari upplýsingar í síma 585 4000 og á www.urvalutsyn.is

Ferðaðþjónusta bænda og Bænduferðir

taka við orlofsávísunum vegna gistingar og annarrar þjónustu sem veitt er á hverjum stað. Yfir 120 bæir eru innan vébanda ferðaðþjónustunnar um allt land. Ýmsir flokkar gistinga er í boði. Nánari upplýsingar má fá í síma 5702700 eða á www.farmholidays.is

Flugleiðahótel reka tvær hótelleðjur, Icelandair hótelin og Hótel Eddu.

Í ár taka hótelin við orlofsávísunum Eflingar. Icelandair hótelin eru 8 heilsárshótel í Reykjavík, á Suðurlandi og á Austurlandi. Í Hótel Eddu keðjunni eru alls 15 sumarhótel (tveggja til þriggja stjörnu) hringinn í kringum landið. Flest eru starfrækt í skólum og ýmsa þjónustu að fá þar.

Athugið að ýmis sértílbod og takmarkanir geta verið í gildi. Yfirleitt þarf að panta með fyrirvara. Nánari upplýsingar í síma 5050910. Sjá nánar á www.icehotels.is og hoteledda.is.

Fosshotel er keðja 13 hótela um allt land. Orlofsávísun gildir til að greiða fyrir gistingu (ekki fyrir mat og drykki) og gildir ekki með öðrum tilboðum.

Athugið að ýmis sértílbod og takmarkanir geta verið í gildi. Yfirleitt þarf að panta með fyrirvara. Upplýsingar eru veittar í síma 562 4000. Sjá einnig á bokun@fosshotel.is og www.fosshotel.is

Ferðaskrifstofan Prima og Heimsferðir

tekur á móti orlofsávísunum sem greiðslu í allar pakkaferðir á vegum ferðaskrifstofunnar. Frekari upplýsingar í síma 5951000 og á netinu sala@heimsferdir.is og www.heimsferdir.is

Iceland Express tekur orlofsávísanir sem greiðslu í allar almennar ferðir sem auglýstar eru á vegum ferðaskrifstofunnar. Ávísanir gilda þó ekki í sérstök verðtilboð sem Iceland Express býður hverju sinni og athugið að panta verður á skrifstofu Iceland Express ef nota á ávísun. Nánari upplýsingar í síma 550 0600 eða á www.icelandexpress.is

Ferðaskrifstofan Ísafold tekur við orlofsávísunum Eflingar sem greiðslu í allar almennar ferðir sem auglýstar eru á vegum ferðaskrifstofunnar árið 2007. Nánari upplýsingar í síma 544-8866 eða á www.isafoldtravel.is



Leikið á sólarströnd

Norræna ferðaskrifstofan (Norræna)

tekur orlofsávísanir sem greiðslu upp í ferðir með Ms. Norrænu til Færeyja, Hjaltlands, Noregs og Danmerkur. Norræna siglir nú allt árið til Seyðisfjarðar. Upplýsingar á skrifstofu að Sætúni 8, sími 5708600.

Fylkir er bílaleiga og ferðaskrifstofa sem tekur orlofsávísanir sem greiðslu fyrir bílaleigubíl og fleira. Fylkir er með alhliða ferðaðþjónustu og ýmsar

skemmtilegar lausnir á ferðalaginu og að eigin sögn "bestir í Danmörku". Leitið upplýsinga á www.fylkir.is og í síma 456 3745.

Trex Hópfurðamiðstöð tekur við orlofsávísunum sem greiðslu fyrir rútufurðir innanlands. Leitið upplýsinga á skrifstofunni Hesthálsi 10, 110 Reykjavík, sími 587 6000 eða á heimasíðunni www.trex.is.

FERÐAMENN

Tökum öll þátt í sjálfsagðri umhverfisvernd.

Hirðum um umhverfið hendum ekki verðmætum.

Flestar drykkjarvöruumbúðir eru skilagjaldskildar.

Skilagjaldið, fæst endurgreitt við móttöku umbúðanna hjá Endurvinnslunni hf., eða hjá umboðsmönnum hennar um land allt.



ENDURVINNSLAN HF

Veljum öryggi

- bæði heima og í fríinu



Svona lagað vill auðvitað enginn upplifa

Hugsum við nóg út í það að rafmagn, eins sjálfsagt og það er í okkar daglega lífi, er einn stórvirkasti brennuvargur nútímans. Á hverju ári verða margir eldsvoðar sem eiga upptök sín í rafbúnaði. Stundum kviknar í vegna bilunar en oftast er um að ræða að gáleysi í umgengni við rafmagn valdi slysum eða íkveikju.

Flestir þeir eldar sem kvikna á heimilum eru útfrá rafmagni.

Ef hægt er að tala um hættulegustu tækin væri listinn svona:

Eldavélar eiga þátt í 23 % af eldsvoðum
Sjónvarpstæki í 20 % tilfella
Þvottavélar í 11% tilfella

Langoftast eru orsakir raktar til rangrar notkunar, bilunar eða hrörnunar í búnaði.

Skoðum aðeins nánar þessa áhættuþætti og hvað skiptir helst máli þar.

Sjónvarpið

Sjónvarpið er u.þ.b. 20% orsakavaldur íkveikju af völdum rafmagns og því nokkrir hlutir sem vert er að hafa í huga.

Ef myndlampinn (túpan) nær að springa myndast mikill hiti og eldagnir

skjótast um allt, í fólk, húsgögn, glugga-tjöld og annað sem fyrir er.

Erfitt getur reynst að koma hand-slökkvitæki að til að slökkva eldinn.

Þegar slökkt er á tækjunum með fjarstýringu, helst straumurinn áfram á því og brunahættan er því stöðugt fyrir hendi.

Hættan er til staðar hvort sem tækin eru ný eða gömul.

Þitt eftirlit!

Sjónvörp virka líkt og ryksugur. Þau draga að sér rykagnir úr andrúmsloft-

inu sem setjast í rafbúnað tækisins. Þetta getur valdið skammhlaupi og síðan íkveikju. Góð regla er að láta hreinsa sjónvörpin reglulega.

Slökktu alveg á sjónvarpi eftir notkun. Notaðu ekki aðeins fjarstýringuna til að slökkva.

Gott ráð er að láta yfirfara gömul raftæki sem safna í sig ryki og minnka þannig hættu á bruna vegna skammhlaups.

Eldavélin

Eldavélabrunar eru nokkuð algengir og má yfirleitt koma í veg fyrir þá. Í flestum tilvikum er um að kenna gleysku og aðgæsluleysi við matseld eða umgengni við eldavélar – sem sagt okkur sjálfum.

Alltof mörg dæmi eru um eldsvoða vegna þess að pottur eða panna hefur verið skilin eftir á heitri hellu meðan athyglin beinist að öðru, til dæmis símanum, börnunum eða sjónvarpinu.

Þín aðgæsla!

Með því að temja sér eftirfarandi umgengnisvenjur má að mestu komast hjá hættu á eldavélabrunum:

Farðu aldrei frá heitri hellu.

Haltu hreinu – feiti á helluborði eða viftu er eldsmatur.

Sýndu varúð við djúpsteikingu – olían brennur ef hún ofhitnar.

Mundu að eldhúsið er ekki leikvöllur – börn geta kveikt á hellu.

Mundu eftir að slökkva á eldavélinni strax eftir notkun.

Rétt viðbrögð draga úr tjóni!

Ef eldur verður laus eru rétt viðbrögð fyrir öllu. Hafðu þá eftirfarandi í huga:



Rétt handbragð getur skipt sköpum

Ef byrjar að rjúka úr olíu á að draga pottinn strax yfir á aðra hellu, eldur er við það að kvikna.

Notaðu eldvarnateppi til að slökkva eldinn – alls ekki nota vatn á olíu.

Kerti og kertaskreytingar

Falleg kertaljós setja skemmtilegan svip í skammdeginu og eru þau jafnan mikið notuð þegar dvalið er í sumarhúsum. Algengt er hins vegar að mikið tjón geti orðið af völdum kerta og kertaskreytinga og því er nauðsynlegt að umgangast þau af mikilli varúð.

Sú einfalda regla gildir í því sambandi að aldrei á að yfirgefa herbergi þar sem logar á kerti!

Úrval kerta er fjölbreytt og hafa sum þeirra reynst varhugaverð, til dæmis kerti sem eru húðuð með gylltu eða silfurlit-uðu efni því dæmi eru um að kviknað hafi í húðunarefninu.

Mjög vinsæl til daglegra nota eru hin svokölluð sprittkerti, en þau eru síður en svo hættulaus.

Allt of mörg dæmi eru um að þau séu sett beint á borð eða aðrar mublur og brenni hreinlega gat í yfirborðið.

Aldrei má kveikja á slíkum kertum öðruvísi en hafa öruggt ílát undir.

Þín aðgæsla!

Kerti brenna mishratt – fylgstu með brennslutímanum.

Veldu kertastjaka úr hitaþolnu efni og gætið þess að kertið sé vel skorðað í stjakanum.

Húsgagnið sem kertastjaki eða kertaskreyting standur á verður að þola hita og vera stöðugt.

Hafðu aldrei kerti þar sem trekkur er og gætið þess að hafa ekki logandi kerti í gluggakistu þar sem gluggatjöld blakta.

Börn eiga aldrei að vera ein í herbergi þar sem logar á kerti.

Logandi kerti á ekki að standa ofan á raftæki.

Mundu að fara aldrei frá logandi kertaljósi.

Slökkvitæki -eldvarnateppi

Stöku sinnum fréttum við af því að fólk kemur í veg fyrir óbætanlegt tjón með réttum viðbrögðum og notkun slökkvitækis.

Lítill eldur getur á stuttum tíma

orðið að stóru báli ef ekkert er að gert. Slökkvitæki og eldvarnateppi ættu þess vegna að vera til á öllum heimilum og að sjálfsögðu einnig í öllum sumarhúsum. Við val á slökkvitæki þarf að hafa í huga hvernig aðstæður eru og hvað gæti brunnið. Best er að leita til viðurkenndra söluaðila við val og afla þar nauðsynlegra upplýsinga. Tækinu skal svo valinn áberandi staður á vegg í flóttaleið þar sem það er öllum vel sýnilegt t.d. sem næst útgönguleið. Ekki fela tækið þótt þér finnst óþryði af því. Slökkvitæki eru hrein augnayndi miðað við brunarústir.

Ef eldur uppgötvast í tæka tíð er oft hægt að ráða niðurlögum hans með handslökkvitæki eða eldvarnateppi, allt eftir því sem við á hverju sinni.

Öflugar eldvarnir bjarga mannlífum. Reykskynjarar, eldvarnateppi og slökkvitæki ættu að vera til staðar á hverju heimili og sumarhúsi, staðsett þar sem við á.

Reyndu aðeins að slökkva viðráðanlegan eld – annars forða sér, loka dyrum og hringja í 112.



Ertu eldklár?

Kynntu þér það sem máli skiptir ef óhapp ber að höndum

Kynntu þér það sem máli skiptir ef óhapp ber að höndum

Góð regla er þegar komið er í orlofshús til lengri eða skemmri dvalar að kynna

sér vel staðsetningu slökkvitækja, bruna-útganga, neyðarnúmer og annað sem að gagni gæti komið ef óhapp bera að höndum.

Einnig er nauðsynlegt að kunna skil á

slökkvitækinu ef á þyrfti að halda.

Öryggisnúmer eru á öllum orlofshúsum Eflingar sem fólk notar ef gefa þarf upp staðsetningu, t.d. vegna slyss.

Öll meferð elds kostar sérstaka aðgæslu, hvort sem um er að ræða grill, kertaljós eða einfaldlega reykingar.

Meðferð opins elds í umhverfi húsanna er alfarið bönnuð!

Sýnum fyllstu aðgæslu og fyrirhyggju, þá eru meiri líkur á því að sumarfríið verði áfallalaust og allir komi kátir heim!

Reykskynjarar eru lífsnauðsynleg tæki í öllum húsum og hafa löngu sannað gildi sitt. Aldrei má taka rafhlöður úr þeim nema setja nýjar í staðinn eða láta umsjónaraðila eða skrifstofu félagsins vita. Munið að þessi smátæki hafa skipt sköpum og jafnvel bjargað mannlífum. Þess vegna verða þau að virka rétt.



Hvítserkur

Fyrri sumarferðin innanlands

Um Vatnsnes og Skaga

Fyrri sumarferð Eflingar innanlands liggur um slóðir sem landsmenn hafa lítið sem ekkert heimsótt. Vatnsnesið er hálendur skagi er gengur fram milli Miðfjarðar og Húnaðarfjarðar eftir því endilöngu gengur Vatnsnesfjall. Láglandi er lítið, einna mest á vesturhlutanum, þar sem byggðin er aðallega þó hún sé frekar strjál. Þarna um slóðir er margt skoðunarvert, upp í hugann koma Hvítserkur og selalátur svo eitthvað sé nefnt. Fuglalíf á þessu landssvæði er sagt mjög fjölbreytilegt og eins er þarna rómað útsýni á góðum degi. Einn af þekktari stöðum á Vatnsnesi er Illugastaðir en þar bjó Natan Ketilsson. Öruggt má telja að við munum heyra meira af hans höfum í ferðinni.

Skagi nefnist hinn mikli skagi á milli Húnaflóa og Skagaðarfjarðar. Þar er eins og á öðrum stöðum margt áhugavert að sjá. Á Skaga var á fyrrihluta síðustu aldar lítið þorp sem hét Kálfshamarsvík þar

Í Kálfshamarsvík hafa húsarústir verið merktar með nöfnum húsanna sem þar stóðu ásamt nöfnum ábúenda

sem bjuggu þegar mest var tæplega 100 manns. Byggð lagðist þar af og staðurinn fór í eyði um 1940.

Í Kálfshamarsvík hafa húsarústir verið merktar með nöfnum húsanna sem þar stóðu ásamt nöfnum ábúenda. Þar er einnig stór viti og í víkinni má sjá mikið af sérstöku og fögru stuðlabergi sem nær allt í sjó fram.

Ferðatilhögun:

Farið verður um Vatnsnes og Skaga daganna 28. til 30. júní n.k.

Ekið verður á fimmtudeginum að

Steinsstöðum en þeir eru í næsta nágrenni við Varmahlíð í Skagaðarfirði. Þar verður gíst í tvær nætur.

Á leiðinni til Steinsstaða verður komið við á sögufrægum stöðum og ekki ólíklegt að við lítum við á Bjargi, á heimaslóðum Grettis Ásmundarsonar. Á föstudeginum verður svo farið um Vatnsnes og Skaga.

Innifalið í ferðinni er akstur, leiðsögn, gisting á Steinsstöðum, morgunverðir og kvöldverðir. Fólk þarf að hafa með sér nesti fyrir daginn en oftast er hægt að kaupa kaffi á brúsa á gístistöðunum. Nauðsynlegt er að hafa með sér góðan fatnað og skó við hæfi.

Innritun í ferðina hefst 12. mars á skrifstofu Eflingar – stéttarfélags, n.k. kl. 8.15 og ganga þeir fyrir sem fyrstir mæta.

Ferðin kostar kr. 18.000.-

Hver er staðan á mér í dag?

„Ég stýri mínum fjármálum sjálf með **Netdreifingu** í netbanka Kaupþings og veit því alltaf hvernig ég stend. Ég borga alltaf sömu upphæð í hverjum mánuði og spara þjónustu- og vaxtagjöld í leiðinni.“*

Kynntu þér málið á kaupthing.is eða í þjónustuveri bankans í síma 444 7000.



KAUPÞING

Hugsum lengra

*Netdreifingin er með hærri innlánsvexti og lægri yfirdráttarvexti en hefðbundin útgjaldadreifing. Auk þess er ekkert stofngjald, mánaðargjald, endurnýjunargjald eða breytingargjald.

Utanlandsferð Eflingar í sumar

Í austurveg



Vetrarhöllin í St. Pétursborg en þar er Hermitage safnið

Sumarferðir Eflingar-stéttarfélags erlendis næsta sumar eru komnar á dagskrá. Ferðinni er heitið í Austurveg nánar tiltekið umhverfis Finnsla flóa. Fyrsti áfangastaður er Helsinki. Þar verður höfð viðdvöl í tvær nætur og notum við tímann vel til að skoða borgina enda margt að sjá. Þaðan höldum við akandi um Porvoo, Kotka og Vyborg til St.Pétursborgar sem eitt sinn var höfuðborg Rússaveldis en hét Leningrad á tímum Sovétríkjanna.

Borgin, sem er byggð á óshólmum Nevu-fljóts, var stofnuð árið 1703 af Péttri mikla keisara. Farið verður í skoðunarferð um borgina. Meðal annars er ekið með Nevu-fljóti með öllum sínum brúm sem eru hvorki færri né fleiri en 588 og ekið eftir breiðgötunni Nevski Prospekt sem er eitt af kennileitum borgarinnar. Söfn og ýmsir merkir staðir verða skoðaðir. Þar verður gíst í þrjár nætur meðan á Rússlandsdvölinni stendur.

Pétursborg á sér mikla sögu. Þar stóð vagga Rússnesku byltingarinnar en hún kemst þó ekki langt frá sinni keisaralegu fortíð. Víða um borgina eru mikilfenglegar hallir, s.s. Vetrarhöllin, sem er ríkulega skreytt barokkbygging sem byggð var 1762. Hún var vetrarsetur rússnesku keisaranna fyrir byltinguna 1917 en hýsir nú einstakt safn listmuna hvaðanæva að. Dómkirkja Heilags Ísaks var byggð á árunum 1768-1858. Dómkirkja Péturs og Páls var byggð á árunum 1712-33. Farið verður

Borgin, sem er byggð á óshólmum Nevu-fljóts, var stofnuð árið 1703 af Péttri mikla keisara

í sumarhöll Péturs I. keisara og skoðuð bygging yfirstjórnar sjóhersins. Virki Péturs og Páls er áhugavert að skoða en það var byggt 1703. Elsta bygging borgarinnar var notuð sem fangelsi fyrir pólitíska fanga á tímum keisaranna.

Frá St. Pétursborg verður ekið til Tallinn sem er eins og kunnugt er höfuðborg Eistlands. Borgin var stofnuð af Dönun á 13.öld og óvída er að finna

jafn vel varðveittan miðaldabæ og þar, enda standa gömlu virkisveggirnir að mestu leyti enn. Við verðum tvær nætur í Tallinn en höldum þaðan á ferju yfir til Helsinki þaðan sem flogið verður heim.

Fyrri ferðin verður 1.- 8. júní en seinni ferðin 8.-15. júní og eru báðar ferðirnar eins uppbyggðar.


Innritun hefst á skrifstofu Eflingar 8. mars n.k. kl. 8.15 og ganga þeir fyrir sem fyrstir mæta.

Ferðin kostar kr. 85.000.- fyrir félagsmann en 95.000.- fyrir maka eða ferðafélaga ef hann er ekki í Eflingu.

Greiða þarf staðfestingargjald fyrir 22. mars og greiða þarf ferðina að fullu í síðasta lagi þann 2. maí.



Gömlu borgarhliðin í Tallin höfuðborg Eistlands



EKKI VERA SÚR

Eru tennurnar í sýrubaði oft á dag?

Sýran í sykrudum og sykurlausum gosdrykkjum getur eytt glerungi tannanna – og hann kemur aldrei aftur. Það er ekki bara súrt heldur líka sárt.

Drekktu vatn – líka kolsýrt vatn!


LÍFÐHEILSUSTÖÐ
- LÍFÐ HEIL -



Ótrúlegur sóðaskapur - hér hefur ekki mátt miklu muna að illa færi

Umgengni orlofshúsa Göngum um eins og góðu fólki sæmir!


Því miður kemur það fyrir að leigutakar og þeirra gestir skilji við húsin í öðruvísi ástandi en ætlast er til. Fátt er hvítleiddara í upphafi dvalar í orlofshúsi en að koma að illa frágöngu og jafnvel óþrifnu húsi.

Varla þarf að minna á að leigutakinn er ávallt ábyrgur fyrir húsinu og ef vanhöld eru á þrifum er einfaldlega þrifið á hans kostnað. Nokkur slík dæmi koma upp á hverju ári og þarf hann þá að greiða þrífagjaldið sem er 10.000,- kr.

Verra er þó að einstaka sinnum er um skemmdir á búnaði húsanna að ræða og þá verða málin enn alvarlegri. Nýleg dæmi eru um að leigutaki hafi þurft að greiða verulegar fjárhæðir vegna þessa.

Með undirritun leigusamningsins er viðkomandi búinn að gangast undir skýr ákvæði samnings hvað þessa hluti varðar.

Verum öll samtaka um að snúa við vöndri þróun, því að umgengni lýsir jú innri manni!



Svona frágangur er engum boðlegur. Leggðu ekki nafn þitt við slíkan ósóma!

LAGOS

FALLEGUR OG LÍFLEGUR STAÐUR

Portúgalski smábærinn Lagos er vinsæll hjá fólki á öllum aldri.

Marina Club Suites & Apartments ***



Staðsett við smábátahöfnina, góð sameiginleg aðstaða við sundlaugina, sér barnalaug og leiksvæði Líkamsræktar- aðstaða, sauna og spa og mjög góður veitingastaður sem selur morgunverð.

2 vikur: 29. maí–12. júní (verð á mann)

Frá 72.564.-

Miðað við 2 fullorðna og 2 börn.
Miðað við 2 fullorðna: 105.962.-

2 vikur: 12. júní–26. júní (verð á mann)

Frá 73.753.-

Miðað við 3 fullorðna og 2 börn.
Miðað við 4 fullorðna: 76.417.-

Marina Park ***



Mjög gott íbúðahótel við höfnina í Lagos, 5 mínútna göngufæri frá miðbæ. Íbúðir með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum. Góð sundlaug, barnalaug, veitingastaður, bar og fallegur garður.

Íbúð með 1 svefnherbergi:

2 vikur: 3. júlí–17. júlí (verð á mann)

Frá 60.609.-

Miðað við 2 fullorðna og 2 börn.
Miðað við 2 fullorðna: 84.052.-

Íbúð með 3 svefnherbergi:

2 vikur: 29. maí–12. júní (verð á mann)

Frá 59.855.-

Miðað við 6 fullorðna.

Hotel Luz Bay Club ****



Staðsett við Luz ströndina 200 metra frá bænum. Tvær sundlaugar, barnalaug, tennisvöllir, sauna og fallegur garður. Góður veitingastaður og bar. Við sundlaugina er líka veitingastaður og bar með lifandi tónlist.

1 vika: 26. júní–3. júlí (verð á mann)

Frá 67.283.-

M.v. 2 fullorðna og 1 barn.
M.v. 2 fullorðna: 73.507.-

Á suðvesturodda Evrópu er smábærinn Lagos, við ósa Bensafirim árinna í Algarve, Portúgal. Umhverfið er fagurt og bærinn iðar af lífi með ótal kaffihúsum á steinlögðum strætum, frábærum veitingastöðum, börum og skemmtistöðum. Flóamarkaðurinn breiðir úr sér á þröngum götum miðbæjarins og þar er einnig að finna menningarmiðstöð sem býður upp á mikið úrval af sýningum og uppkomum allan ársins hring.

Á sumrin fyllist þessi skemmtilegi bær af hressu fólki á öllum aldri sem sleikir sólina á frábærum ströndum, skoðar hella, slappar af og nýtur lífsins. Lagos státar af sérlega fjölbreyttum og skemmtilegum baðströndum, vönduðum gististöðum og stemningu sem sameinar rómantík gamla tímans og það besta í nútíma ferðaþjónustu.


Strandirnar eru með þeim bestu í héraðinu og við höfnina er hægt að fara í siglingar, veiða á sjóstöng eða leigja snekkju til að hafa út af fyrir sig. Bærinn gegnir mikilvægu hlutverki í sögu Portúgals og var lengi miðstöð landkönnuða sem sigldu þaðan til Afríku og Ameríku. Lagos er einstaklega fallegur og líflegur staður.



**SUMAR
FERÐIR**
– ERU BETRI EN AÐRAR!

Sumarferðir Laugavegi 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

Farðu inná www.sumarferdir.is
eða hringdu í síma 575 1515.



Enn aukum við ferðaúrvalið

Borgarferð til Berlínar

Efling - stéttarfélag í samvinnu við Express Ferðir bjóða nú félagsmönnum upp á helgarferð til Berlínar á einstaklega hagstæðu verði. Berlín er orðin ein vinsælasta borg Evrópu með glæsilegum gömlum og nýjum byggingum og 800 ára sögu, þar sem svo sannarlega hafa skipst á skin og skúrir. Í dag er Berlín hin mesta menningar- og listaborg þar sem hlutirnir gerast og er þungamiðja landsins í einu og öllu.

Ferðatilhögun:

Flogið til Berlínar föstudaginn 28. september kl. 15:20 og síðan flytur áætlunarbíll farþega á Hótel Park Inn á Alexanderplatz, sem er í hjarta borgarinnar og mjög gott 4* hótél.

Laugardaginn 29. september er skoðunarferð um borgina, sem stendur yfir í fjórar klukkustundir og hefst kl. 9:30. Í ferðinni er farið á alla helstu og markverðustu staði borgarinnar.

Um kvöldið er sameiginlegur kvöldverður, fyrir þá sem það vilja, á veitingahúsinu Sachs, þar sem íslenskur veitingamaður ræður ríkjum og tekur ákaflega vel á móti samlöndum sínum.

Sunnudaginn 30. september er boðið upp á gönguferð kl. 11:00 þar sem nánasta umhverfi verður kannað, sem er gamli austurhluti Berlínar. Þar leynist ýmislegt skemmtilegt og spennandi.

Einnig er bent á að hægt er að fara á siglingu á ánni Spree, sem tekur um klukkustund.

Skráning aðeins hjá Expressferðum

Um kvöldið er upplagt að bregða sér á tónleika hjá Berlínar Philharmoníunni, sem eru öllum ógleymanlegir, sem það upplifa.

Mánudagur 1. október er svo frjálfs dagur. Mikið af góðum verslunum er í borginni og ennþá er verðlag þar mjög hagstætt. Einnig er mikið af góðum og frægum söfnum eins og sögusafn Berlínar, Gyðingasafnið, Pergamon safnið, stórkostleg listasöfn o.fl. Áætlunarbíll flytur farþega út á völl kl. 18:00 frá Hótel Park Inn.

Flogið til Íslands kl. 20:30

Verð á mann í tvíbýli: 49.900. Akagjald fyrir einmanns herbergi er kr. 12.000. Innifalið: Flug með sköttum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgunverði, skoðunarferð um borgina og íslensk fararstjórn.

Fararstjóri Express Ferða: Lilja Hilmarsdóttir

Skráning í ferðina aðeins hjá Express Ferðum, í Grímsbæ við Bústaðarveg, frá og með 12. mars n.k. á lilja @expressferdir.is

eða í síma 5500600.

Fyrstur kemur – fyrstur fær!



Þinghúsið í Berlín

Seinni sumarferðin innanlands

Ævintýri á Ströndum



Seinni sumarferð Eflingar innanlands verður um Strandirnar þar sem svo sannarlega er margt bæði skoðunar- og frásagnarvert auk allra ævintýranna sem þar hafa gerst og gerast enn.

Síldarævintýrið á Djúpuvík og í Ingólfsfirði kemur upp í hugann með öllum þeim umsvifum og fjöruga mannlífi sem því fylgdi. Enn má sjá þar leifar þessa liðna tíma og áhugavert að skoða þær.

Hákarlaveiðar frá Gjögri sem Jakob Thorarensen lýsir í ljóði sínu „Í hákarla-legu“ segir frá kjörum þeirra sjómanna sem stunduðu þennan erfiða og hættulega veiðiskap. Öruggt má telja að þar hafi ekki verið um neina sportveiði að ræða.

Sögur af göldrum og galdramönnum hafa lengi fylgt strandamönnum. Menn vissu lengra nafi sínu eða kunnu eitthvað fyrir sér eins og sagt var. Meira verður fjallað um það allt í ferðinni.

Sögur af göldrum og galdramönnum hafa lengi fylgt strandamönnum. Menn vissu lengra nafi sínu eða kunnu eitthvað fyrir sér eins og sagt var

Ferðatilhögun:

Ferðin verður farin dagana 12. til 15. júlí n.k. og verður sama fyrirkomulag nú og var fyrir ári. Ekið verður á fimmtudegi til Djúpuvíkur og gist á Hótel Djúpuvík í þrjár nætur. Við skoðum Galdrasafnið á Hólmavík og lítum við í koti kukklarans í Bjarnarfirði.

Ætlunin er að fara í dagsferð á báti með ströndinni frá Norðurfirði norður að Horni. Enginn sér eftir að eyða degi í slíka ferð, sérstaklega ef veðurguðirnir verða okkur hliðhollir.

Við munum svo skoða það markverðasta í Árneshreppi og förum þar í gönguferðir.

Á heimleiðinni á sunnudeginum förum við út í Grímsey á Steingrímsfirði en þangað er mjög skemmtilegt að koma.

Innifalið í ferðinni er akstur, sigling og leiðsögn, gisting á Hótelinu á Djúpuvík, morgunverðir og kvöldverðir. Fólk þarf að hafa með sér nesti fyrir daginn en hægt er að kaupa kaffi á brúsa á hótelinu. Þá er rétt að minna á og nauðsynlegt fyrir þátttakendur að taka með sér skjólgóðan og hlýjan fatnað og góða skó, allt í samhengi við ferðina og veðurútlit.

Innritun í ferðina hefst 12. mars, á skrifstofu Eflingar – stéttarfélags, n.k. kl. 8:15 og ganga þeir fyrir sem fyrstir mæta.

Ferðin kostar kr. 25.000.-



Frá Nýhöfn - þar er alltaf litskrúðugt mannlíf

Á leið til Köben?

- gott að vita

Gera má ráð fyrir að flestir sem koma til með að dvelja í íbúðunum í Kaupmannahöfn ferðist með flugi um Kastrup flugvöll. Einfalt er að komast þaðan til miðborgarinnar, lestarstöðin er við útganginn úr flugstöðinni og tíðar ferðir þaðan. Hins vegar má benda á að leigubílar geta verið enn betri kostur ef fleiri en t.d. tveir ferðast saman því þeir eru alls ekki svo dýrir. Leigubíll frá flugstöð að miðborginni eða íbúðum Eflingar kostar frá 1.200 – 1.600 kr. íslenskar. Fargjaldið með lestinni er

hins vegar um 300 kr. íslenskar á hvern einstakling.

Mjög góðar handbækur eru fáanlegar um Kaupmannahöfn og sjálfsagt að verða sér út um þær og hafa með í farangrinum. Bæði innihalda þær greina-góðar lýsingar á borginni, áhugaverðum veitingastöðum og öðru sem máli kann að skipta þegar dvalið er þar.

Í íbúðunum eru einnig nokkrar þær bækur sem komið hafa út á íslensku um Kaupmannahöfn. Er í þeim bæði rakin saga borgarinnar og svo lýst fjölmörg-

um skemmtilegum gönguleiðum um miðborgina og bent á áhugaverða staði sem vert er að skoða.

Einnig eru yfirleitt skýr og góð götukort í bókunum sem gott er að hafa við hendina og auðvelt að rata eftir.

Nokkrar heimasíður sem vert er að kíkja á áður en haldið er til Kaupmannahafnar, www.danmork.is, www.timeout.com/travel/copenhagen, www.aok.dk.

Nýtt hverfi mun rísa

Stækkun Svignaskarðs



Svignaskarð - þarna mun rísa stærri byggð

Svignaskarð er má segja í hjarta Borgarfjarðarhéraðs og er þar rótgróin orlofsbyggð sem er fjölmörgum að góðu kunn af dvöl þar s.l. tæp 40 ár.

Mikil endurnýjun hefur átt sér stað á húsum þar á undanförunum árum og má segja að árlega sé verið að taka þar í notkun ný hús í stað þeirra gömlu sem þá hverfa eitt og eitt af stalli sínum.

Þannig breytist ásjúnd byggðarinnar smá saman og tekur á sig nýja mynd um leið og húsin verða stærri og nútímalegri.

Nú er svo á döfinni stækkun byggðarinnar sem hljóta að teljast talsverð tíðindi í hinum gömlu og grónu orlofs-húsahverfum sem hafa verið með óbreyttu sniði í áratugi.

Nýlega fékkst samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir svæðið þar sem er gert ráð fyrir þessari stækkun með byggingu nýs hverfis.

Í framhaldinu var síðan skrifað undir samning um að byggja á næstu árum 16 ný hús norðan við núverandi byggð. Með því munu væntanlega skapast miklir möguleikar til að bæta og styrkja þá starfsemi sem fyrir er og auka við þá afþreyingu sem nú þegar er í boði fyrir gesti.

Verður spennandi að fylgjast með framvindu mála í framhaldinu og sjá hvaða áhrif þetta mun hafa til framtíðar fyrir svæðið allt.

PRODERM
SUNSCREEN
 6 klukkutíma vörn
 Eina sólarvörnin sem er skráð læknisfræðileg.

UVA * MAX**

Gefur fallegan, endingargóðan sólbrúnan lit. 6 klst. vörn þolir sjó, sund, svita, sand og leik.

SPF 8 15 25 30

PRODERM
 SUNSCREEN FOR AND
 UP TO A 6 HOUR
 PROTECTION
 30 MINUTES
 WATER & SWEAT RESISTANT
 IDEAL FOR LINDING SKIN

Fæst í apótekum og friðhöfninni.

Efling can offer you ideas for your summer vacation

Many places in Iceland and more offers abroad



From Copenhagen

This year Efling has new offers for union members in Copenhagen and at the same time there are new holiday possibilities here in Iceland. Efling has 47 holiday houses all around the country, as well as four trailer-tents/campers. Everything is included in the houses, such as a refrigerator, stove, kitchen appliances, television, duvets, pillows as well as cleaning equipment. Guests bring their own towels, dishcloths, rags, duvet covers, sheets, toilet paper and hand soap.

Efling has also rented 3 apartments in the center of Copenhagen only 10

minutes walk from The Tivoli Gardens. You can read about these new possibilities and also contact Efling offices or homepage www.efling.is for further information.

Those members renting holiday houses take full responsibility for the houses, furniture and everything that comes with them. The holiday houses are to be returned in good, clean condition. If that is not done the cleaning will be charged to the person that has rented it.

During the wintertime it is possible to rent a holiday house over a weekend or

a whole week, depending on what suits each and everyone. Each member can book one holiday house in advance.

For the summer and winter period holiday houses need to be applied for within the advertised period.

Applicants are allotted houses by a special system which is based on a number of months that a person has paid union dues during the last 12 years.

First come - first serve

If no applications are for a particular week after the first and second distribution, the holiday houses will be distributed according to a special advertisement regardless of the point system. Those interested need to come to the union's office on May 18th and first come, first serve basis applies.

Efling organises trips in Iceland and abroad this summer

This summer Efling is offering trips for members of the union. Two trips in Iceland and abroad are planned for this summer and one daytrip in September to a place closer to Reykjavík. You can read about these offers in this paper. If you are interested do not hesitate to call the Efling office for further information.



From Hvammur in Skorradalur


Meira frá Skarði



Hér má sjá hluta þeirra húsgagna sem fór í Skarð



Það voru mörg handtökin jafnt úti sem inni áður en verkið gat talist fullklárað. Garpar að störfum við tyrfingu umhverfis Skarð og minni myndirnar sýna svo stofu og eldhús þegar búið var að setja allt saman og ganga frá.



Svona skiljum við ekki við!

sem lengra er til söluaðila, en því miður eru þeir stundum tómir líka. Þá hafa fyrri gestir sem tæmdu af gaskútum ekki sinnt því að útvega nýja eða látið hjá líða að vita af gasleysinu.

Tæmist kútur skal einfaldlega snúa sér til næsta söluaðila og fá nýjan, taka nótu og fá endurgreitt á skrifstofu félagsins! Einfaldara getur það ekki verið.

Þannig tryggjum við að næstu gestir lendi ekki í vandræðum t.d. eftir lokun sölustöðva.

Munum:

Gas er lífshættuleg lofttegund og bæði bráð eld- og sprengifim.

Sé grunur um leka, t.d. vegna lyktar, skal strax skrífa fyrir og kanna tengingar.

Geyma á gaskúta og grill undantekningalaust úti eða í útigeymslum.

Varist að stilla grillunum þétt upp við timbur eða rúður, það hefur valdið tjóni.

Skrúfa fyrir eftir notkun og þrífa vandlega! Ganga svo tryggilega frá grilli við brottför.

Gaman að grilla!

en gasið er ekkert grín

Undanfarið hefur verið unnið að endurnýjun grilla við orlofshúsin og er nú svo komið að gasgrill eru við velflest hús félagsins.

Vert er að minna á nokkur veigamikil atriði sem skipta máli varðandi

umgengni við grillin og rekstur þeirra.

Allir vita, og hafa kannski lent í því sjálfir, hve hvítleitt er að grípa í tomt þegar á að fara að grilla dýrindis steikur, þ.e. kúturinn tómur og allt ómögulegt!

Reynt er að hafa aukakúta til staðar þar

Sundlaugin Hraunborgum

FÉLAGSHEIMILI SJÓMANNA

Grímsnesi v/Kiðjabergsveg Sími 486 4414

- ÞRÍR HEITIR POTTAR
- VATNSGUFUBAÐ
- MINIGOLF, HJÓLALEIGA OG PULLBORD Í FÉLAGSHEIMILI SJÓMANNA
- 9 HOLU GOLFVÖLLUR

AUK ÞESS ERU Á SVÆÐINU HJÓLHÝSA- OG TJALDSTÆÐI



Opnunartími sumarið 2007

25. maí - 3. september

Opið alla daga nema föstudaga frá kl. 10:00 - 20:00

Föstudaga frá kl. 10:00 - 12:00 og 17:00 - 21:00





Vandað skal til verks - Meistarinn leggur grunninn

Svona varð sautján til!

Saga hússins

Ekki er víst að allir geri sér grein fyrir hve mikið fyrirtæki er að skipta út heilu húsi í rótgróinni orlofsbyggð eins og Svignaskarði.

Taka þarf tillit til fjölmargra hluta eins og gróins umhverfis, jafnvægis í byggðinni, aðgæslu og natni við náttúruna og margs fleira.

Eftirfarandi myndasería frá framkvæmdunum segir meira en mörg orð.



Hér rísa fyrstu veggir að húsinu



Húsið hefur tekið á sig mynd



Hús 17 fullbúið!

Orlofshúsin okkar

Stöðugar endurbætur

-segir Sveinn Ingvason sviðsstjóri orlofssviðs



Verið að bæta bæði í Húsafelli og á Akureyri

Það gera sér kannski ekki allir grein fyrir því hve umfangsmikið verkefni það er að halda öllu í horfinu varðandi viðhald og eftirlit orlofshúsa Eflingar. Þau eru nú 48 talsins á hinum ýmsu stöðum landsins og flest þeirra nokkuð við aldur. Elstu húsin eru rúmlega 40 ára gömul og langflest þeirra á bilinu 20 til 40 ára. Ástand húsa okkar er þrátt fyrir það að mestu leyti mjög gott, segir Sveinn Ingvason, sviðsstjóri orlofsmála hjá félaginu, en það þarf auðvitað að hugsa mjög vel um viðhald þeirra jafnt og þétt segir hann. Enda er vinna við það í gangi allan ársins hring.

Augljóslega fylgja því ákveðin vandamál að hafa svo óhagstæða aldurs-samsetningu húsa ef svo má segja. Það kallar á örara og þar af leiðandi kostnaðarasamara viðhald og meira eftirlit. Þannig er á ári hverju markvisst unnið við nokkur hús eða einstök svæði og húsbúnaður endurnýjaður eða húsin sjálf tekin í gegn að innan sem utan, segir hann.

Hvað er helst á döfinni núna í breytingum og viðhaldi húsanna?

Nú í dag erum við að breyta tveimur húsa okkar í Húsafelli, setja nýjar eldhúsinnréttingar og tæki, stækka herbergi og bæta svefnaðstöðu, skipta um gólfefni og fleira. Stefnt er að því að þessu ljúki fyrir páskaúthlutun svo gestir megi njóta

þessa um páska og að sjálfsögðu næsta sumar og í framtíðinni.

Í nokkurn tíma hefur svo verið unnið við að hanna og undirbúa breytingu á útisvæði við fjölbýlishúsið að Furulundi 8 á Akureyri með það fyrir augum að stækka svalir. Í dag þykja þær verulega þröngar og óhægt um vik t.d. þegar grillað er og fólk vill njóta útiveru á



Smekklegar endurbætur á Akureyri

þeim. Um umfangsmikið verkefni er að ræða og er verktími áætlaður næsta haust frá 1. september til 1. nóvember.

Ef horft er til framtíðar þá er óneitanlega spennandi verkefni að halda áfram að skipta út elstu húsum okkar í Svignaskarði og er þegar farið að ræða þau mál. Það er hins vegar mjög stórt verkefni og mun taka nokkur ár þar sem um fjárfreka framkvæmd er að ræða og stór hluti tekna orlofssjóðs er bundinn í fastan rekstur.

Húsin eru eign félagsmanna

Aðalatriðið er gott viðhald því með stöðugum endurbótum og góðri umgengi félagsmanna, sem vonandi líta á húsin sem sína eign, þá má alltaf gera ráð fyrir að fólk vilji koma í húsin og njóta fallegra húsakynna og þeirra útivistarmöguleika sem gefast í umhverfinu.

Þess vegna er líka mikilvægt að félagsmenn séu vakandi og láti skrifstofu eða umsjónarmenn á hverjum stað vita strax og þeir koma í húsin ef einhvers er ábótavant eða athugavert t.d. vegna frágangs fyrri gesta.

Þannig getum við í sameiningu haldið hlutunum best í lagi!



Stórtækir flutningar á vörum til endurnýjunar



Furulundur 8 - þar verður útiaðstaðan bætt mikið



Við stytta Ingólfs Arnarsonar í Rivedal

Ferðir á vegum Eflingar

Samfellt ævintýri

- segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

En síðast og ekki síst er
þakklætið sem við höfum
fengið frá ferðafélögunum fyrir
þetta ótrúlega flakk á okkur í
rúm 20 ár

Í fyrstu ferðina var farið á Hallormsstað og gist í skólastofum á dýnum bæði þar og á Klaustri en fyrsti ferðahópurinn okkar var yfir sig ánægður og ferðin stórskemmtileg. Ég svaf á dýnu undir stiganum í gamla hússtjórnarskólunum með annari konu sem varð síðan ferðafélagi minn í 15 ár en það er hún Sigríður Jónsdóttir. Eitt sumarið var farið með matarbíla með til að geta farið á afskekktar slóðir þar sem lítið væri um þjónustu. Þessar ferðir eru samfellt ævintýri, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir og skemmtilegur hluti af starfi hennar hjá stéttarfélagunum. Þórunn rifjar upp nokkur brot úr ferðalögum með Eflingarfólki og áður Sóknarfélagum en hún hefur lóðsað félagsmenn um allt land og til útlanda í um tvo áratugi.

Mér er afskaplega minnisstæð ferðin með matarbílinn því það líður engum úr minni að sjá skyrið sem hrært var í þvottabala og starfsfólkinu að elda aftan

á hálfkassabíl. Nestið var svo borið fram í flugvélaðössum fyrir mat og vakti það mikla kátínu.

Gistingar á fyrstu árunum voru oft mjög frumstæðar og athyglisvert hvað fólki fannst boðlegt þá eins og að sofa á dýnum í stóru félagsheimili þar sem allir voru hlið við hlið um 80 manns og svo aftur þær kröfur sem gerðar eru í dag. En í þá daga var lagt mikið á sig til að sjá landið sitt.

Á slóðir Ingólfs Arnarsonar

En ferðirnar erlendis hófust þegar farið var í fyrstu ferðina til Færeyja sem tókst alveg einstaklega vel en frá þeirri ferð má segja að nánast óslitið hafi verið boðið upp á ferðir erlendis. Mér eru minnisstæðastar ferðirnar til Noregs og Hjaltslands og alltaf langað þangað aftur. Þá var ekið um Noreg og siglt til Hjaltslands og gist á ævintýrastöðum eins og gömlu skíðahótelu upp á fjalli í Noregi

og gömlu húsi á Hjaltslandi þar sem sungið var og dansað og borðaður ekta skoskur matur m.a. haggis sem er þeirra slátur. Norska landsbyggðin heilsaði okkur með sinni einstöku fegurð og það var ógleymanlegt að koma á æskuslóðir Ingólfs Arnarsonar og Hjörleifs bróður hans og sjá þar sömu stytta og er á Arnarhóli. Það snart mann.

Gangan um túnið í Rivedal á jörð þeirra bræðra og heyra frá heimamönnum um skoðanir þeirra á hvers vegna þeir hefðu leitað til Íslands voru líka athyglisverðar. Auk þess voru með í ferð tveir ferðalangar sem voru viðstaddir þegar stytta var flutt til Noregs og þau sögðu okkur frá þeirri ferð. Að koma að Sognefirði ofanfrá og sjá stór skemmtiferðaskip sigla inn fjörðinn en vera eins og smáskip séð frá fjallsbrúnni. Á Hjaltslandi fengum við að skoða Jarlshofid sem var grafið upp í byrjun síðustu aldar og hefur varðveitt minjar



Stoppað við Ísafjarðarskiltið. Þar eru tveir ferðalangar sem ættaðir eru frá Ísafirði á Íslandi

frá mörgum misjöfnum skeiðum m.a. víkingatímanum. Bæði í Noregi og á Hjaltlandi moraði allt í sömu nöfnum og á Íslandi og fórum við t.d. að Þingvöllum á Hjaltlandi (Thingvalla) þar sem er vatn og hólmi auk kirkju á Þingvöllum þeirra sem er einnig þingstaður þar.

Mikið undur í Póllandi

Hin ferðin sem er mér afar minnisstæð er ferðin til Póllands en þar fórum við og skoðuðum fangabúðirnar í Auswich sem mun engum líða úr minni sem þar koma. Í Póllandsferðinni var einnig komið í 1000 ára gamlar saltnámur sem eru á heimsminjaskrá og voru þær mikið undur.

Ég get sagt eitt að lokum að mikið lán hefur verið alla tíð yfir þessum ferðum okkar. Alltaf hafa allir komið heilir heim. Það er einstakt eftir allar þessar ferðir innanlands og utan, segir Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir. Það er ekki lítil gjöf til okkar allra, segir hún. En síðast og ekki síst er þakklætið sem við höfum fengið frá ferðafélögunum fyrir þetta ótrúlega flakk á okkur í rúm 20 ár, segir hún. Ferðanefndirnar hafa verið ótrúlega duglegar og öflugar og er þeim líka þakkað samstarfið. Geri bara aðrir betur!!!!



Horft yfir Sognefjord af fjallstoppi



Sumargetraun fjölskyldunnar

Takið þátt og þið getið unnið 15.000.-

Skriðuklaustur á Fljótsdal

Ef þið svarið eftirfarand 13 spurningum rétt, mynda upphafsstafrirnar í svörinum orð yfir eitthvað sem fáir hafa sennilega upplifað en er ekki langt frá!

Rétt svör við spurningunum er að finna í greinum í þessu orlofsblaði, þau

fara ekki fram hjá neinum ef grannt er skoðað.

Sendið rétt svör til Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1, 105 Reykjavík fyrir 1. júlí 2006. Dregið verður úr réttum

úrlausnum og einn heppinn þátttakandi fær verðlaun að upphæð kr. 15.000,-

Verður ekki einfaldara, góða skemmtun!

1. Ekið verður á fimmtudegi til _____

Svar: _____

2. Íbúðir Eflingar innanlands eru á _____

Svar: _____

3. Frá Seyðisfirði siglir _____

Svar: _____

4. _____ Austurveg

Svar: _____

5. Ertu _____ ?

Svar: _____

6. St. Pétursborg hét _____

Svar: _____

7. Kynntu þér það sem máli _____

Svar: _____

8. _____ þér ferðakostnaðinn

Svar: _____

9. Til að sækja um þarftu _____

Svar: _____

10. _____ hverfi mun rísa.

Svar: _____

11. Upplifðu _____ og dramatík!

Svar: _____

12. _____ Eflingar í sumar er í Austurveg.

Svar: _____

13. _____ eru lífsnauðsynleg tæki

Svar: _____

Sumargetraun Eflingar - stéttarfélags 2007

Nafn: _____

Heimili: _____

Kennitala: _____

Lausnarorð:


1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13

Sími: _____



14 HÓTEL ALLAN HRINGINN


1 ML Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjaskóli
6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir • 10 Akureyri
11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar • 14 Hellissandur



BROSANDI ALLAN HRINGINN

„MJÖG ÞÆGILEGT AÐ GETA PANTAÐ Á NETINU. ALLT SEM Á ÞARF AÐ
HALDA OG NÓG AÐ GERA FYRIR KRAKKANA. GÓÐUR MORGUNMATUR
OG SVO KEMUR VERÐIÐ SKEMMTILEGA Á ÓVART.“





Veröldin er full af perlum

Minningarnar eru perlur
sem svífa á sporbraut hugans...

VISA